

Föstudaginn 17. maí 1996.

Nr. 29/1995.

Magnús Alfonsson

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Húsfélaginu Austurbergi 2, 4 og 6**Unnari E. Óskarssyni****Guðmundi Halldórssyni****Jens Vali Ólasyni****Hjörleifi Einarssyni****Ásgerði Óskarsdóttur****Guðbirni Þ. Óskarssyni****Sigurði Dalmann Skarphéðinssyni****Halldóru Björk Ragnarsdóttur****Veronicu M. Björnsson****Lýði Sveinbjörnssyni****Jóni Þór Pálssyni****Haraldi Friðjónssyni****Ásgeiri Höskuldssyni og****Vilborgu Eggertsdóttur**

(Helgi Birgisson hrl.)

og gagnsök

Skaðabótamál. Verktrygging. Málsástæður. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari, Sigurður Línadal, settur hæstaréttardómari, og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. janúar 1995. Hann krefst þess, að gagnáfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér óskipt 949.940 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 300.000 krónum frá 24. september 1993 til 30. nóvember sama ár, en af 949.940 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst jafnframt málskostnaðar óskipt úr hendi gagnáfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. mars 1995. Þeir krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms um annað en

málskostnað og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var upplýst, að Húsfélagið Austurbergi 2, 4 og 6 hefði á sínum tíma óskað aðfarar hjá aðaláfrýjanda vegna innheimtu á tryggingarvixli þeim, sem mál þetta er sprottið af. Var húsfélaginu greidd krafan með þeirri fjárhæð, sem aðaláfrýjandi leitar nú í máli þessu greiðslu á úr hendi allra gagnáfrýjenda. Er aðild húsfélagsins óumdeild í málinu.

II.

Aðaláfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt Íslenskan staðal, ÍST-30, sem hefur að geyma almenna útboðs- og samningsskilmála um verkframkvæmdir. Svo sem í héraðsdómi greinir, er vísað til þessa staðals í prentuðum skilmálum, sem voru hluti af fjórtán samningum Trésmiðju G. Einarssonar sf. við jafnmarga eigendur íbúða í Austurbergi 2, 4 og 6 um að reisa laufskála á svölum íbúða þeirra. Verður staðfest sú niðurstaða í héraðsdómi, að ákvæði staðalsins hafi ekki sett því sérstök takmörk, hverja fjárhæð málsaðilar máttu semja um til tryggingar á efndum þessara samninga.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti bar aðaláfrýjandi meðal annars fyrir sig, að gagnáfrýjendur hefðu með bréfi 30. mars 1993 hafnað beiðni verktakans um að fá að bæta úr þeim göllum, sem fram höfðu komið á laufskálunum. Til þess hefði verktakinn þó átt skýlausan rétt. Einnig af þeirri ástæðu hafi gagnáfrýjendum verið óheimilt að ganga að verktryggingunni. Af hálfu lögmanns gagnáfrýjenda var þessari málsástæðu mótmælt sem of seint fram kominni. Verður fallist á þau mótmæli og kröfum aðaláfrýjanda, sem á þessu eru reistar, hafnað þegar af þeirri ástæðu.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur. Verður aðaláfrýjanda jafnframt gert að greiða gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Magnús Alfonsson, greiði gagnáfrýjendum, Húsfélaginu Austurbergi 2, 4 og 6, Unnari E. Óskarssyni, Guðmundi Halldórssyni, Jens Vali Ólasyni, Hjörleifi Einarssyni, Ásgerði Óskarsdóttur, Guðbirni Þ. Óskarssyni, Sigurði Dalmann Skarphéðinssyni, Halldóru Björk Ragnarsdóttur, Veronicu M. Björnsson, Lýði Sveinbjörnssyni, Jóni Þór Pálsyni, Haraldi Friðjónssyni, Ásgeiri Höskuldssyni og Vilborgu Eggertsdóttur, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. október 1994.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum flutningi 6. þ. m., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 22., 23. og 25. mars og 6. apríl 1994.

Stefnandi er Magnús Alfonsson, kt. 220359-4339, Skólatröð 11, Kópavogi.

Stefndu eru Húsfélagið Austurbergi 2–6, Reykjavík, kt. 460379-0169, Unnar E. Óskarsson, kt. 051154-2589, Stelkshólum 2, Reykjavík, Guðmundur Halldórsson, kt. 240846-3819, Austurbergi 6, Reykjavík, Jens Valur Ólason, kt. 241058-4259, Keilufelli 14, Reykjavík, Hjörleifur Einarsson, kt. 040543-3099, Austurbergi 6, Reykjavík, Ásgerður Óskarsdóttir, kt. 061139-3549, Austurbergi 6, Reykjavík, Guðbjörn Þ. Óskarsson, kt. 100261-3599, Austurbergi 6, Reykjavík, Sigurður Dalmann Skarphéðinsson, kt. 241146-3089, Austurbergi 4, Reykjavík, Halldóra Björk Ragnarsdóttir, kt. 101162-4199, Austurbergi 4, Reykjavík, Veronica M. Björnsson, kt. 240544-8229, Austurbergi 4, Reykjavík, Lýður Sveinbjörnsson, kt. 010540-2919, Austurbergi 2, Reykjavík, Jón Þór Pálsson, kt. 210531-2709, Austurbergi 2, Reykjavík, Haraldur Friðjónsson, kt. 230140-2009, Austurbergi 2, Reykjavík, Ásgeir Höskuldsson, kt. 170736-7619, Keilufelli 17, Reykjavík, og Vilborg Eggertsdóttir, kt. 010450-2849, Austurbergi 2, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 949.940 kr., ásamt dráttarvöxtum af 300.000 kr. frá 24. september 1993 til 30. nóvember 1993, en af 949.940 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Krafa er gerð um, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, hið fyrsta sinn 30. nóvember 1994. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum samkvæmt ákvæðum einkamálalaga.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þau verði alsýknuð af öllum kröfum stefnanda og að hann verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að mati réttarins.

II.

Málsatvik.

Hinn 27. maí 1991 gerði Húsfélagið Austurbergi 2–6 verksamning við verktaka úr Hafnarfirði um umfangsmiklar utanhússviðgerðir á fjölbýlishúsinu við Austurberg 2–6 í Reykjavík. Verkinu skyldi lokið fyrir 1. október 1991. Samningi þessum riftu stefndu með símskeyti 21. febrúar 1992 og réðu nýjan aðila til að ljúka verkinu.

Í tengslum við þessar viðgerðir á húsinu ákváðu nokkrir íbúðareigendur í fjölbýlishúsinu að gera laufskála yfir svalir íbúða sinna. Leitað var tilboða í verkið með óformlegum hætti, þar á meðal til stefnanda. Tilboð barst í verkið, undirritað af stefnanda og Gunnlaugi Einarssyni, samtals að fjárhæð 3.525.654 kr. Tilboðið tók til smíði á 14 laufskálum úr furu, svalahurða, þaks á laufskála úr furu, uppsetningar, ísetningarefnis, vinnupalla, lama, handlangs o. fl. Varð úr, að Trésmiðja G. Einarssonar sf. gerði samning við hvern og einn stefndu um smíði og uppsetningu á 14 laufskálum, og var framangreint tilboð í stórum dráttum lagt til grundvallar samningunum. Samningarnir voru allir dagsettir 15. október 1991 og verklok áætluð 20. desember 1991. Í þeim kemur meðal annars fram, að söluverð ásamt kostnaði sé miðað við núgildandi verð á vinnu og efni, en samningsfjárhæðin ekki sundurliðuð. Samkvæmt samningunum skyldu verkkaupar greiða tiltekna fjárhæð við undirritun samnings, og var samtala þessara fyrirframgreiðslna 783.000 krónur. Sama dag og stefndu undirrituðu fyrrnefnda samninga gaf stefnandi út tryggingarvixil, að fjárhæð 783.000 kr., sem Gunnlaugur Einarsson afhenti fulltrúa verkkaupa. Samþykkjandi víxilsins var Gunnlaugur Einarsson, en bróðir hans, Guðmundur Einarsson, ábekingur. Á víxlinum var svofelld áritun: Tryggingarvixill v/gróðurskála Austurbergi 2–6.

Laufskálarnir voru smíðaðir skv. teikningum Teiknistofunnar Óðinstorgi.

Stefndu kveða mikinn leka hafa komið fram í laufskálunum, skömmu eftir að þeir höfðu verið settir upp, og hafi tilraunir verktaka til að bæta úr lekanum engan árangur borið. Stefndu létu starfsmenn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins gefa álit á ástæðum leka í laufskálunum og hverra aðgerða væri þörf til að bæta úr þeim. Álitsgerð RB lá fyrir 17. desember 1992, og kemur þar fram, að gallana megi rekja til þess, að verktaki hafi stadið ranglega að uppsetningu og frágangi skálanna. Þá er einnig gagnrýnt, að ekki hafi legið fyrir deililausnir með teikningum af frágangi skálanna og

engin verklýsing af hálfu teiknistofunnar hafi fylgt teikningunum. Eftir að stefndu töldu galla komna fram á verkinu, leituðu þau aðstoðar lögmanns, og sendi hann Teiknistofunni Óðinstorgi og Trésmiðju Gunnlaugs Einarssonar sf. bréf, þar sem skýrt var frá göllunum og ábyrgð lýst á hendur þessum aðilum. Einnig hófst lögmaðurinn handa við að innheimta tryggingarvíglinn. Í kjölfar aðfarar hjá stefnanda 27. júlí 1993 greiddi hann víxilfjárhæðina með 300.000 krónum 24. september 1993 og 649.940 krónum 30. nóvember 1993 með fyrirvara um endurheimtu.

III.

Málsástæður.

Stefnandi styður málsókn sína því, að hann hafi aldrei ábyrgst gagnvart stefndu, að hönnun, smíði og uppsetning laufskálanna að Austurbergi 2–6 yrði með öllu gallalaus. Stefnandi kveður ýmsa aðra aðila en Trésmiðju G. Einarssonar sf. hafa komið að hönnun, smíði og uppsetningu laufskálanna, svo sem Teiknistofuna Óðinstorgi sf. og undirverktaka, er unnið hafi að uppsetningu, glerjun o. fl.

Það er meginmálsástæða stefnanda, að ábyrgð sín hafi takmarkast við það eitt, að þeir fjármunir, sem íbúðareigendur greiddu fyrir fram inn á verkið 15. október 1991, yrðu notaðir til efniskaupa og til að standa straum af kostnaði við að smíða nauðsynlegt tréverk í laufskálana. Þessi tilgangur með útgáfu tryggingarvígilsins 15. október 1991 sé alveg augljós, þar sem fjárhæð vígilsins sé hin sama og heildarfjárhæð fyrirframgreiðslna stefndu. Hefði verið ætlunin með útgáfu tryggingarvígilsins, að hann stæði til tryggingar réttum og fullnægjandi efdum á öllum verkþáttum, hefði verið eðlilegt, að nöfn allra viðkomandi aðila, svo sem Teiknistofunnar Óðinstorgi sf., væru á víxlinum, en það hefði aldrei komið til umræðu milli samningsaðila.

Stefnandi kveður verktakann hafa að fullu efnat allar þær skuldbindingar, sem tryggingarvíglinum hafi verið ætlað að tryggja. Forsvarsmönnum Trésmiðju G. Einarssonar sf. hafi hins vegar láðst að ganga eftir því að fá tryggingarvíglinn afhentan og stefndi ekki haft frumkvæði að því að skila honum. Stefnandi telur því, að forsvarsmönnum Húsfélagsins Austurbergi 2–6 hafi verið óheimilt að nota víglinn til innheimtu ætlaðra skaðabóta vegna galla á laufskálunum. Þessi háttsemi hafi verið ólögmet og saknæm, og beri því Húsfélagið Austurbergi 2–6 og félagsmenn þess, sem höfðu hag af þessari ráðstöfun, skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda á öllu því tjóni, sem hann hafi orðið fyrir vegna þessarar ólögmetu og saknæmu háttsemi.

Stefnandi bendir á, að samkvæmt grein 15.2. í ÍST-30 skuli fjárhæð tryggingar hvors aðila verksamnings vera 10% af verki, og hefði trygging í þessu

verki því átt að vera að hámarki 300.000 krónur. Af því megi vera ljóst, að tryggingin hafi ekki átt að vera fyrir verkinu í heild, heldur aðeins fyrsta þætti þess.

Stefnandi kveðst hafa mótmælt fyrirhugaðri aðför skriflega, en þau mótmæli ekki verið tekin til greina. Stefnandi kveður kröfu sína vera skaðabótakröfu, þar sem sér hafi verið ómögulegt að kom nokkrum vörnum að gegn víxilkröfunni.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að ágreiningur sé einungis um, hvort stefndu hafi hagnýtt sér víxilinn á óheimilan hátt. Því sé hins vegar ekki haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndu hafi ekki orðið fyrir tjóni.

Stefndu telja ótvírætt, að gengið hafi verið til samninga við Gunnlaug Einarsson og stefnanda á grundvelli tilboðs þeirra. Aðeins hafi verið um að ræða lítilfjörlegar breytingar frá tilboðinu, sem stöfuðu af framlagi verkaupa sjálfra til verksins. Stefnandi hafi verið í þeirri trú, að stefnandi væri aðili að sameignarfélaginu Trésmiðju G. Einarssonar sf. Stefnandi kveða Gunnlaug Einarsson hafa ritað á víxilinn, að hann væri vegna gróðurskála í Austurbergi 2–6. Samkvæmt skýrum orðum tryggingarvixilsins sjálfs hafi því verið um verktryggingu að ræða, sem taka átti til verksins í heild allt til verkloka.

Stefndu kveða tryggingar hafa verið krafist vegna slæmrar reynslu stefndu af efndum verksamnings, sem þau hefðu gert við annan verktaka vegna viðgerða á húsi sínu, og því hafi þau að ráði Kristjáns Björnssonar, eftirlitsaðila með verkinu, krafist Gunnlaug Einarsson um verktryggingu. Gunnlaugur hafi sjálfur ákveðið fjárhæð vixilsins og komið með hann útfylltan með ábyrgðarmönnum. Fyrirsvarsmenn stefndu hafi ekki átt sig á, að víxilfjárhæðin væri hin sama og samtala fyrirframgreiðslna samkvæmt einstökum samningum. Stefnandi kveða vitnisburð Brands Guðmundssonar fyrir dómi styðja þetta. Hann eigi engra hagsmuna að gæta af úrslitum málsins, þar sem hann hafi ekki tekið þátt í að smíða gróðurskála og hafi nú selt íbúð sína.

Stefndu telja algengt, að tryggingar sé aflað vegna verksamninga. ÍST-30 hafi verið hluti af samningum þeim, sem þau gerðu við Gunnlaug Einarsson samkvæmt skilmálum, sem verktakinn gekk sjálfur frá. Það sé almenn regla samkvæmt grein 15.7.0. í ÍST-30, að tryggingar verktaka standi út verktímann. Stefnandi telja ótrúlegt, að stefnandi hafi viljað takmarka ábyrgð sína. Stefnandi telja Gunnlaug Einarsson og stefnanda vana verktaka, sem séu vanir að gera verksamninga sem þessa, og verði þeir því að bera hallann af því, ef ákvæði um trygginguna teljist óljós.

Þá hafi Gunnlaugur Einarsson ekki gert reka að því að fá víxilinn afhent-

an, eftir að búið var að kaupa efni og smíða sjálfa gróðurskálana eða þegar hann hætti afskiptum af verkinu. Hvorki stefnandi né Gunnlaugur Einarsson hafi gert athugasemdir um heimildir til innheimtu víxilsins fyrr en einu og hálfu ári eftir, að smíði lauk.

Stefndu telja, að tryggingin hafi verið svo há sem raun varð á meðal annars vegna þess, að um verulega fyrirframgreiðslu hafi verið að ræða, sem tryggingarvígillinn hafi að sjálfsögðu átt að tryggja eins og aðrar efnidir. Stefndu telja, að mönnum sé frjálst að setja þá tryggingu, sem þeir kæri sig um, og ÍST-30 setji því engin takmörk, hversu há verktrygging megi vera.

Um útgáfu tryggingarvígilsins bar stefnandi fyrir dómi, að hann hefði haft orð Gunnlaugs Einarssonar fyrir því, að víxlinum væri aðeins ætlað að tryggja, að innborgað fé yrði notað til að kaupa efni og koma verkinu af stað. Stefnandi hefði skrifað upp á víxilinn, þar sem hann ætlaði að aðstoða við verkið.

Gunnlaugur Einarsson bar fyrir dómi, að hann hefði farið fram á, að u. þ. b. $\frac{1}{2}$ hluti endurgjalds fyrir verkið yrði greiddur fyrir fram, og hefðu forsvarsmenn húsfélagsins heimtað tryggingarvígil fyrir þessum greiðslum. Hann hefði fyllt út víxilinn og að kröfu verkkaupa haft fjárhæðina hina sömu og samtölu fyrirframgreiðslna.

Jens Valur Ólason, einn stefndu, bar fyrir dómi, að hann hefði átt sæti í framkvæmdanefnd vegna viðgerða á fjölbýlishúsinu. Hann kvað íbúðareigendur hafa haft slæma reynslu af verktökum og því verið ráðlagt að krefja verktakann um tryggingu fyrir því, að staðið yrði við verkið. Ekki hafi verið farið fram á ákveðna tryggingarfjárhæð, en Gunnlaugur Einarsson komið með víxilinn útfylltan. Hann hafi þó beðið Gunnlaug að rita á víxilinn skýringar á því, til hvers ætti að nota hann. Aðrir en hann hafi ekki verið viðstaddir, þegar Gunnlaugur afhenti víxilinn.

Brandur Steinar Guðmundsson átti einnig sæti í framkvæmdanefndinni, en gerði ekki samning um laufskála og hefur nú selt íbúð sína í fjölbýlishúsinu. Brandur bar fyrir dómi, að íbúðareigendur hefðu lent í erfiðleikum með annan verktaka og því talið eðlilegt að fá verktryggingu til að tryggja, að verki yrði lokið samkvæmt tilboðinu. Hann hafi ekki verið viðstaddur, þegar vígillinn var afhentur.

IV.

Niðurstaða.

Ekki er ágreiningur um aðild að máli þessu.

Komið er fram, að stefnandi ritaði undir tilboð í laufskála við fjölbýlishúsið nr. 2–6 við Austurberg í Reykjavík ásamt Gunnlaugi Einarssyni.

Ekki er ágreiningur um það, að þetta tilboð varð grundvöllur að samningum, sem Trésmiðja G. Einarssonar sf. gerði við stefndu um smíði og uppsetningu á 14 laufskálum. Þá er upplýst, að Trésmiðja G. Einarssonar sf. er ekki sameignarfélag, eins og auðkennið sf. bendir til, heldur einkafyrirtæki Gunnlaugs Einarssonar, kt. 060856-3469. Bar hann fyrir dómi, að bú sitt hefði á þessum tíma verið undir gjaldþrotaskiptum.

Ljóst er, að afskipti stefnanda af tilboðsgerðinni og undirritun hans sem útgefanda á tryggingarvixilinn var til þess fallin að vekja þá trú hjá stefndu, að hann væri með einum eða öðrum hætti viðsemjandi þeirra. Á mögulega ábyrgð stefnanda á efndum verksamninganna reynir hins vegar ekki í þessu máli, heldur einkum á gildi og umfang þeirrar ábyrgðar, sem stefnandi gekk í með útgáfu tryggingarvixilsins.

Fyrir liggur, að stefndu ákváðu að innheimta vixilinn, vegna þess að þau töldu verkið hafa stórfellda galla. Þessa galla telja stefndu sig hafa leitt í ljós meðal annars með rannsókn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins frá 17. desember 1992, en samkvæmt henni hafði hönnun verksins og verkið sjálft umtalsverða galla. Stefndu hafa ekki látið meta fjárhagslegt umfang gallanna, en telja sig hafa orðið fyrir umtalsverðu tjóni vegna kostnaðar við úrbætur, og eins hafi þau, sem selt hafi íbúðir sínar, tekið á sig lægra söluverð vegna gallanna. Stefndu hafa ekki unnið saman að úrbótum vegna ætlaðra galla, en því er haldið fram, að hver og einn þeirra hafi bætt úr göllum á sinni íbúð.

Þar sem trygging stefndu var í formi vixils, þurftu þau ekki að sanna tjón sitt, er þau heimtu tryggingarfjárhæðina úr hendi stefnanda. Í máli þessu, er höfðað er sem skaðabótamál, reynir því á, hvort tryggingarvixillinn var verktrygging, sem stefndu höfðu heimild til að ganga að með því að innheimta vixilinn.

Í verksamningum þeim, sem gerðir voru við stefndu, eru engin ákvæði um verktryggingar, en í sérstökum skilmálum, sem voru hluti af samningunum, var vísað til ÍST-30, almennra útboðs- og samningsskilmála um verklegar framkvæmdir. Staðall þessi hefur ekki verið lagður fram í málinu, en báðir aðilar byggja á honum að nokkru leyti, og verða ákvæði hans lögð til grundvallar dómi, eftir því sem við á. Í 15. kafla staðalsins eru ákvæði um tryggingar, og segir í grein 15.3., að trygging skuli sett sem bankaábyrgð með því að koma sparisjóðsbók í geymslu eða með öðru móti, sem verkkaupi samþykki. Með hliðsjón af vísan samningsskilmála til ÍST-30 verður að telja, að tryggingarvixillinn hafi verið verktrygging, og vegna þátttöku stefnanda í tilboðsgerðinni og afskipta hans af verkinu mátti honum vera það ljóst.

Stefnandi heldur því fram, að ábyrgð sú, sem hann tókst á hendur með því að rita nafn sitt sem útgefandi víxilsins, hafi takmarkast við það eitt að tryggja hagsmuni stefndu gagnvart Gunnlaugi Einarssyni vegna fyrirframgreiðslu, sem þau inntu af hendi. Stefndu halda því hins vegar fram, að tryggingarvixillinn hafi verið almenn verktrygging, sem hafi átt að tryggja efndir á verkinu allt til verkloka.

Framburð þeirra aðila og vitna, sem báru fyrir dómi um tilurð tryggingarvixilsins, verður að skoða í ljósi þeirra tengsla, sem þau hafa við sakarefnið, og þykir framburður þeirra litla vísbendingu gefa um, hversu víðtæk ábyrgð stefnanda skyldi vera.

Fallast má á það með stefnanda, að stefndu hafi mátt vera ljóst, að fjárhæð tryggingarvixilsins var jöfn samtölu fyrirframgreiðslna samkvæmt verksamningunum. Fjárhæð víxilsins þykir þó ekki taka af tvímæli um, að tryggingin hafi ekki átt að standa áfram og taka til verksins í heild, þar sem ekki var óeðlilegt, að víxilfjárhæðin tryggði auk annarra vanefnda það tjón, sem kynni að hljóta af því, að fyrirframgreiðslan rynni ekki til verksins.

Fallast má á með stefndu, að aðilar verksamnings geti samið um fjárhæð tryggingar óháð ákvæðum ÍST-30. Þó að víxilfjárhæðin hafi numið 30% af heildarverklaunum, telst sú fjárhæð ekki óeðlileg, þar sem 30% endurgjaldsins voru greidd fyrir fram og önnur 30% 1. nóvember 1991, löngu fyrir verklok.

Af texta þeim, sem ritaður er á tryggingarvixilinn, verður ekki ráðið, að þeir, sem rituðu nöfn sín á hann, hafi viljað takmarka ábyrgð sína við tiltekna verkþætti. Hér ber einnig að hafa hliðsjón af grein 15.7.0. í ÍST-30, sem mælir fyrir um, að trygging verktaka skuli standa til loka þess ábyrgðartíma, sem mælt er fyrir um í grein 30.1. Telja verður, að stefnanda og Gunnlaugi Einarssyni hafi verið í lófa lagið, ef þeir vildu takmarka trygginguna við tiltekna verkþætti, að gera um það sérstakt samkomulag eða láta víxilinn bera það ótvírætt með sér. Þá verður ekki séð, að stefnandi hafi krafist afhendingar á víxlinum, eftir að þeim verkþætti var lokið, sem hann heldur fram, að tryggingin hafi takmarkast við, og ekki síðar. Samkvæmt framangreindu verður að telja, að stefndu hafi mátt treysta því, að stefnandi hefði með nafnritun sinni á tryggingarvixilinn tekið ábyrgð á réttum efndum allra verkþátta þess verks, sem Gunnlaugur Einarsson tók að sér.

Sú krafa verður almennt ekki gerð, að færðar séu fullar sönnur á fjárhæð tjóns vegna vanefnda, þegar gengið er að verktryggingu, nema sá, sem trygginguna hafi gert fyrirvara um það (sic). Ekki verður séð, að stefnandi hafi gert slíkan fyrirvara, þegar hann tókst á hendur ábyrgð á verkinu, og eftirfarandi samskipti við Gunnlaug Einarsson og stefnanda gáfu stefndu

ekki ástæðu til að tryggja sér slíka sönnun. Þar sem stefndu hafa leitt nokkrar líkur að því, að verk það, sem víxillinn átti að tryggja, hafi haft umtalsverða galla, sem Gunnlaugur Einarsson beri a. m. k. að hluta ábyrgð á, verður að líta svo á, að stefndu hafi verið heimilt að ganga að verktryggingunni og innheimta tryggingarvixilinn hjá stefnanda.

Í stefnu eða öðrum sóknargögnum er ekki að finna þá málsástæðu, að tjón stefndu hafi verið minna en fjárhæð tryggingarvixilsins. Lögmaður stefnanda vék að því í málflutningi, að sönnun skorti fyrir tjóni stefndu, en lögmaður stefndu mótmælti því eindregið, að málsástæður af því tagi kæmst að í málinu. Máltilbúnaður stefnanda í máli þessu gaf stefndu því ekki tilefni til að færa frekari sönnun á umfang tjónsins, samanber e-lið 1. mgr. 80. gr. og 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Ekki liggur fyrir, að Gunnlaugur Einarsson hafi tilkynnt verkkaupum um verklok með formlegum hætti. Úttekt á verkinu og endanlegt uppgjör á verklaunum hefur ekki farið fram. Þá liggur ekki fyrir, að stefnandi hafi reynt til fullnustu að fá víxilfjárhæðina greidda hjá samþykkjanda víxilsins, Gunnlaugi Einarssyni, sem hann tókst á hendur ábyrgðina fyrir. Þar sem Gunnlaugur Einarsson er ekki aðili að málinu, eru engar forsendur til að skera úr um, hvort tjón stefndu vegna vanefnda á verksamningnum var minna en nam víxilfjárhæðinni.

Svo sem mál þetta er lagt í hendur dómsins, þykir stefnandi verða að bera hallann að því, að endanlegt uppgjör milli stefndu og Gunnlaugs Einarssonar vegna verksamninganna hefur ekki farið fram. Samkvæmt ofangreindu ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Rétt þykir með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, að hvorir aðila beri sinn kostnað af málinu.

Dóm þennan kveður upp Sigurður T. Magnússon, settur héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Húsfélagið Austurbergi, Unnar E. Óskarsson, Guðmundur Halldórsson, Jens Valur Ólason, Hjörleifur Einarsson, Ásgerður Óskarsdóttir, Guðbjörn P. Óskarsson, Sigurður Dalmann Skarphéðinsson, Halldóra Björk Ragnarsdóttir, Veronica M. Björnsson, Lýður Sveinbjörnsson, Jón Þór Pálsson, Haraldur Friðjónsson, Ásgeir Höskuldsson og Vilborg Eggertsdóttir, eiga að vera sýkn af kröfu stefnanda, Magnúsar Alfonssonar.

Málkostnaður fellur niður.